

Húnavetningafélagið á Akureyri

2020/64

Snemma árs 1952 hófust nokkrir Húnavetningar á Akureyri handa um að kanna vilja manna, ættaðra úr Húnavatnsþingi, um stofnun Húnavetningafélags. Var undirskriftum safnað í þessu skyni og málinu vel tekið.

Stofnfundur var haldinn 2. mars 1952 og voru stofnfélagar 72.

Fyrsta stjórn félagsins voru: Hafsteinn Halldórsson, formaður, Rósberg G. Snædal, ritari, Ragnar Jónsson, gjaldkeri, Guðmundur Frímann og Guðrún Benediktsson meðstjórnendur.

Tilgangur félagsins, samkvæmt lögum þess, var að: „...vinna að kynningu og samheldni meðal Húnavetninga, búsettra á Akureyri, viðhalda og treysta ræktarsemi þeirra við Húnavatnssýslur og þá, sem þau héruð byggja, svo og styrkja ýmsar menningarstarfsemi heima í héraði, eftir því sem átæður leyfa.“

Félagið hélt fundi, bæði umræðufundi og skemmtifundi, árshátíðir og fór í skemmtiferðir fyrst og fremst til Húnavatnssýslna.

Félagið reyndi eftir fremsta megni að styrkja heimahagana og gaf nokkuð af trjáplöntum á lóð Héraðshælisins á Blönduósi og bækur til bókasafns þess. Stærsta verkefni félagsins var útgáfa ársritsins „Húnavetningur“ sem kom í fyrsta sinn út árið 1956. Það ár voru 70 meðlimir í félaginu og árgjaldið var 20,00 kr.

Árið 1960 var í síðasta sinn skráð í gjörðabók Húnavetningafélagsins á Akureyri. Þá var haldin árshátíð og þorablót í Landsbankasalnum og mættu 60 manns.

Þetta er eina afhendingin sem safninu hefur borist frá þessum skjalamyndara

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

7. desember 2020

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

A-Húnvetningafélagið á Akureyri**A-Húnvetningafélagið á Akureyri**

A	1	1	1952 - 1961	Gjörðabók Húnvetningafélagsins á Akureyri
A	1	2	1952 - 1955	Vísnaþók